

Ed.

428. Frumvarp til laga

[184. mál]

um Iðnrekstrarsjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

Starfrækja skal Iðnrekstrarsjóð til að styðja við umbótastarf í iðnaði í þeim tilgangi:

- að auka útflutning iðnaðarvarnings
- að auka samkeppnishæfni íslensks iðnaðar á innlendum og erlendum markaði
- að örva nýsköpun í átt til aukinnar og bættrar framleiðslu í iðnaði
- að auka framleiðni í samkeppnisiðnaði.

Stefnt skal að sem líkustu fyrirkomulagi og gildir í þessum efnum í samkeppnislöndum Íslendinga.

2. gr.

Iðnrekstrarsjóður er sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Iðnaðarbanki Íslands hf. hefur á hendi daglega afgreiðslu sjóðsins, samkv. sérstökum samningi.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 7 menn og jafnmargir til vara skipaðir af iðnaðarráðherra til tveggja ára í senn.

Iðnaðarráðherra skipar formann sjóðstjórnar án tilnefningar. Aðra stjórnarmenn skipar hann samkv. tilnefningu Félags íslenskra iðnrekenda, Iðnþróunarsjóðs, Landssambands iðnaðarmanna, Alþýðusambands Íslands, Landssambands iðnverka-fólks og Sambands íslenskra samvinnufélaga, og tilnefnir hver aðili einn mann.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt til jafnlangs tíma.

4. gr.

Stjórnin hefur með höndum starfsemi sjóðsins, ræður nauðsynlegt starfslið og ráðstafar fjármagni hans. Iðnaðarráðherra ákveður þóknun fyrir störf sjóðstjórnar.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

1. Eigið fé Iðnrekstrarsjóðs, eins og það verður við gildistöku þessara laga.
2. Framlag ríkissjóðs samkv. fjárlögum 1980.

Annað ráðstöfunarfé sjóðsins er:

- a) Framlag ríkissjóðs, er miðist að lágmarki við 0.6% af vinnsluvirði iðnaðar undanfarið ár, samkv. áætlun Þjóðhagsstofnunar, í fyrsta sinn árið 1982, og síðan árlega til og með árinu 1985, en verði þá endurmetið með hliðsjón af þörfum.
- b) Önnur bein framlög til sjóðsins.
- c) Vaxtatekjur.
- d) Afborganir af veittum lánnum.
- e) Lántökur.
- f) Aðrar tekjur.

Allur kostnaður við starfsemi sjóðsins greiðist af tekjum hans. Sjóðurinn er undanþeginn sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

6. gr.

Hlutverk sitt samkv. 1. grein skal sjóðurinn rækja m.a. með eftirfarandi aðgerðum:

1. Styrkjum og framlögum sem fyrst og fremst verði beitt á sviði útflutnings- og markaðsstarfsemi, en einnig til þróunarverkefna, sem geta haft mikilvæg áhrif á almenna eflingu iðnaðar, ekki síst til framleiðniaukningar.
2. Áhættulánnum, sem fyrst og fremst verði notuð til stuðnings vöruþróunar, hönnunar og ýmissa annarra nýsköpunarverkefna. Heimilt er að hafa áhættulán afborgunarlaus um tíma og jafnframt að afskrifa lánin, heppnist verkefnið ekki.
3. Ábyrgðum gagnvart viðskiptabönkum og fjárfestingalánasjóðum.
4. Kaupum og sölu á hlutabréfum í starfandi fyrirtækjum og þátttöku í stofnun nýrra hlutafélaga.
5. Viðbótarlánnum vegna fjárfestinga. Lán þessi geta jafnframt verið áhættulán.
Í því sambandi skal höfð hliðsjón af svæðisbundnum áætlunum er hlotið hafa staðfestingu stjórnvalda.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður skilyrði fyrir þátttöku hans hverju sinni, hvort sem um er að ræða hlutafjárkaup, fjárframlög, lánveitingar eða styrkveitingar. Heimilt er að styrkja eða lána samtökum og stofnunum iðnaðarins vegna einstakra verkefna, sem samrýmast tilgangi sjóðsins.

Stjórn sjóðsins ákveður lánskjör hans og vexti að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands.

8. gr.

Stjórn sjóðsins er, með samþykki iðnaðarráðherra, heimilt að taka lán fyrir hönd sjóðsins. Heimilt er að veita styrki eða framlög sem nema allt að $\frac{1}{3}$ af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins, að undanskildum lántökum. Heildarupphæð ábyrgða sjóðsins, skv. 6. gr. 3. tl. má á hverjum tíma nema hæst 60% af eiginfé sjóðsins.

9. gr.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Iðnrekstrarsjóðs og greiðir þær, ef eignir og tekjur sjóðsins hrökkva ekki til. Sjóðstjórn er skylt að birta árlega opinbera skýrslu um starfsemi sjóðsins og skulu endurskoðaðir ársreikningar fylgja henni. Ríkisendurskoðun annast endurskoðun ársreikninga.

10. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins, þar á meðal um reikningshald, svo og ráðningar og stöðu starfsmanna.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi lög nr. 61 frá 1973 um Iðnrekstrarsjóð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Með frumvarpi þessu er mótuð sú stefna að vikka hlutverk Iðnrekstrarsjóðs og efla hann verulega í þeim tilgangi að stuðla að margvíslegu nýsköpunar- og umbótastarfi í þágu iðnaðar. Er þetta gert í samræmi við þá stefnumótun um eflingu iðnaðar sem unnið hefur verið að á vegum iðnaðarráðuneytisins.

Í álitserð Samstarfsnefndar um iðnþróun, „Iðnaðarstefna“, frá maí 1979 segir (bls. 86):

„Samstarfsnefndin leggur til að aukinn verði sá þáttur í fjárstuðningi opinberra sjóða er miðar að því að styðja hvers konar iðnþróunaraðgerðir og nýsköpunarviðleitni í iðnaði með því að veita fyrirtækjum og stofnunum áhættulán og styrki til vel skilgreindra þróunarverkefna“.

Eftir setningu laga á síðastliðnu ári um aðlögunargjald á innfluttar iðnaðarvörur sem renna skyldi til iðnþróunaraðgerða mótaði iðnaðarráðherra þá stefnu að verulegur hluti tekna af gjaldinu skyldi renna til að efla Iðnrekstrarsjóð. Jafnframt var ákveðið að endurskoða lög sjóðsins með það fyrir augum að vikka hlutverk hans, breyta stjórnaraðild í samræmi við það og endurskoða önnur atriði til að tryggja sem árangursríkast starf sjóðsins.

Með bréfum ráðuneytisins dags. 11. október 1979 og 25. febrúar 1980 var skipuð nefnd til að endurskoða lög og gera tillögu til ráðuneytisins í þeim efnum. Í nefndina voru skipaðir eftirtaldir menn:

Vilhjálmur Lúðvíksson, formaður,
Sigurður Magnússon,
Valur Valsson,
Þórleifur Jónsson.

Nefndin hefur skilað álitinu sínu og er frumvarp þetta ásamt athugasemdum í öllum aðalatriðum samhljóða tillögum nefndarinnar. Nefndin var sammála í tillögum sínum að því undanskildu að Valur Valsson framkvæmdastjóri Félags íslenskra iðnrekenda gerði þann fyrirvara um stjórn sjóðsins, að hún ætti að vera áfram 5 manna og skipuð fulltrúum tilnefndum af iðnaðarráðuneyti, Félagi ísl. iðnrekenda, Iðnþróunarsjóði svo og Landssambandi iðnaðarmanna og Landssambandi iðnverkafólks. Jafnframt að niður félli tilnefningarréttur fulltrúa Sambands íslenskra samvinnufélaga og Alþýðusambands Íslands.

Erlendur samanburður — Samkeppni á sviði nýsköpunar

Með vaxandi alþjóðlegri samkeppni og sífellt örari breytingum á tækni og kröfum markaðar, samfara minnkandi arðsemi fyrirtækja, hefur áhættan við þróun nýrra afurða og framleiðsluaðferða og við stofnsetningu nýrra fyrirtækja aukist verulega. Hafa flestar þróaðar þjóðir gripið til þess ráðs að styðja við nýsköpunarviðleitni með því að veita hagstæð áhættulán og styrki í þeim tilgangi að treysta grundvöll atvinnulífsins. Stuðningur við nýsköpun og aðlögun að breyttum samkeppnisskilyrðum hefur reynst mun árangursríkari aðferð en beinir styrkir til rekstr-

ar og fjárfestinga í greinum og fyrirtækjum sem eiga í samkeppniserfiðleikum. Slíkur stuðningur við rannsókn- og þróunarstarfsemi, markaðsviðleitni og endurskipulagningu fyrirtækja er í fullu samræmi við ábendingar OECD¹⁾ um aðlögun að breytilegum samkeppnisaðstæðum samtímans.

Í grannlöndum okkar hefur verið stofnaður fjöldi sjóða sem gegna því hlutverki að styðja umbótastarf í iðnaði. Er þá gjarnan nokkur verkaskipting milli sjóða og jafnframt nokkuð mismunandi hugmyndir og stefna sem býr að haki þeirra. Í sumum tilvikum er um að ræða tæknilega ráðgjöf samhliða fjárstuðningi, eða mjög nána samvinnu milli sjóða og tækni- eða markaðsstofnana um aðstoð við fyrirtækin.

Á meðfylgjandi þrem töflum er gefið yfirlit um helstu sjóði og stofnanir af þessu tagi á Norðurlöndum. Yfirlitin ná til vöruþróunar, stuðnings við útflutning og rekstrarráðgjöf. Sjóðir þessir gegna nú orðið lykilhlutverki í smáfyrirtækjastefnu þessara landa, svo sem fram kemur í nýlegu yfirliti Norrænu ráðherranefndarinnar (iðnaðarráðherranna) um það mál²⁾.

Fjárráð sjóðanna eru umtalsverður hluti af verðmætasköpun smáiðnaðar í þessum löndum, hlutfallslega margföld á við fjárráð Iðnrekstrarsjóðs hingað til, enda verkefnið viðtækari en lögin um Iðnrekstrarsjóð frá 1973 heimila. Aðgangur iðnaðar í nágrannalöndunum að sjóðum og stofnunum af þessu tagi hefur nú orðið vaxandi áhrif á samkeppnisaðstöðu íslensks iðnaðar og nauðsynlegt að skapa mótvægi í þessum efnum.

Rannsókn- og þróunarstarfsemi er einn af mikilvægum þáttum umbótastarfs í iðnaði. Komið hefur í ljós við athuganir Rannsóknaráðs ríkisins á fjárframlögum til rannsókna, að íslensk iðnfyrirtæki leggja langtum minna til slíkra mála en samkeppnisfyrirtæki þeirra á Norðurlöndum, svo sem sýnt er á meðfylgjandi súluríti. Ef ætla skal íslenskum iðnaði að standast óhefta samkeppni, verða annarsvegar að koma til ný viðhorf hjá fyrirtækjum og hinsvegar hvatning af hálfu hins opinbera til aukinna rannsókna og til skylds umbótastarfs í fyrirtækjum. Með því að beina auknu fjármagni til rannsókna á sviði iðnaðar gegn mótfamlögum frá fyrirtækjum má án efa hafa veruleg áhrif í þessa átt.

Með frumvarpi þessu er tekin sú stefna að Iðnrekstrarsjóður geti gegnt því hlutverki að styðja slíkt starf. Um verkefni og starfshætti sjóðsins og verkaskiptingu við aðra sjóði vísast til minnisblaðs Samstarfsnefndar um iðnþróun til iðnaðarráðherra (dags. 23. apríl 1980), sem fylgir með frumvarpinu. Frumvarp þetta er samið með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem þar koma fram.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er kveðið á um nafn sjóðsins, markmið hans og þá almennu stefnumótun, að hann skuli starfa með hliðstæðum hætti og svipaðir sjóðir og stofnanir í nágrannalöndum. Þess ber þó að gæta að erlendis eru oftast margir sjóðir í hverju landi sem styðja umbótastarf í iðnaði út frá mismunandi forsendum og er hlutverk Iðnrekstrarsjóðs því víðara en oft gerist annars staðar. Með þessari skilgreiningu á hlutverki sjóðsins er stefnt að því að skapa íslenskum iðnaði sem mest jafnræði við iðnað í samkeppnislöndunum.

1) Sjá rit OECD „The Case for Positive Adjustment Policies“ A Compendium of OECD Documents 1978/79 OECD, Paris, June 1979.

2) Det fællesnordiske forskningsprojekts vedrørende små og mellemstore virksomheder. NU A 1979, 22 Bind 1—5.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um stöðu gagnvart stjórnvöldum og sömuleiðis staðfest það fyrirkomulag sem verið hefur, að Iðnaðarbanki Íslands h.f. annist afgreiðslu fyrir sjóðinn.

Um 3. gr.

Gerð hefur verið sú breyting á stjórn sjóðsins frá fyrri lögum vegna viðtækara hlutverks sjóðsins í þágu íslensks iðnaðar, að veita Landssambandi iðnaðarmanna og Landssambandi iðnverkafólks aðild að stjórn hans.

Um 4. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringar.

Um 5. gr.

Í grein þessari er kveðið á um stofnfé Iðnrekstrarsjóðs, m. a. yfirtöku á eiginfé sjóðsins, sem starfaði eftir lögum nr. 61 frá 1973, eins og það verður við gildistöku þessara laga.

Mikilvegasta ákvæði þessarar greinar varðar lágmarksframlög á árunum 1982—1985, sem er stefnumótandi um starfsmöguleika sjóðsins á þessu tímabili. Á fjárlögum ársins 1980 er ákveðið 100 m.kr. framlag til Iðnrekstrarsjóðs, en að auki fara 500 m.kr. til sjóðsins af aðlögunargjaldi á yfirstandandi ári og reiknað er með að svipaðar upphæðir renni til sjóðsins á næsta ári. Áætlað vinnsluvirði iðnaðar 1979 á verðlagi ársins var 96.5 milljarðar án mjólkuriðnaðar, kjötiðnaðar, byggingariðnaðar og fiskiðnaðar, og eru framlög til sjóðsins í ár því alls nálægt 0.60% af því. Hér er lagt til að fram til ársins 1985 verði svipuðu fjármagni að raunvirði veitt til sjóðsins.

Að þessu tímabili loknu verði framlög til sjóðsins endurmetin í ljósi þarfa og þess árangurs sem náðst hefur. Ákvæði greinar þessarar er þannig ekki fastur tekjustofn sjóðsins, heldur bindandi stefnumótun á sviði iðnaðar fyrir ákveðið tímabil.

Gert er ráð fyrir að frá og með árinu 1982 falli niður framlag á fjárlögum til Iðnlánasjóðs, en það nemur 300 m.kr. í ár. Er útgjaldaaukning ríkisins til sjóðá iðnaðarins þannig minni en ella yrði skv. frumvarpinu og fremur um tilfærslu að ræða.

Um 6. gr.

Með þessari grein eru veittar heimildir í lögum til þeirra sérstöku tegunda stuðnings, sem Iðnrekstrarsjóði er ætlað að veita.

1. Styrkir og framlög sem aðallega verði beitt í tengslum við erlenda markaðsöflun og markaðsaðlögun, en einnig til þróunarverkefna, sem hafa mikla þýðingu fyrir þróun heilla greina eða iðnaðarins í heild og stjórnin telur falla að markmiðum sjóðsins.
2. Áhættulán sem heimilt er að hafa afborgunarlaus um tíma og afskrifa ef verkefnið skila ekki árangri, enda sækji viðkomandi fyrirtæki um slíka eftirgjöf. Nauðsynlegt er að stjórnin móti fastar reglur um skilyrði fyrir slíkri eftirgjöf.
3. Ábyrgðir sem sjóðurinn getur veitt fyrirtækjum vegna lána frá öðrum sjóðum og viðskiptaböndum, til að koma nýrri áhættusamri framleiðslu af stað, þegar fullnægjandi veð eru ekki fyrir hendi hjá viðkomandi fyrirtækjum. Heildarupphæðir ábyrgða sjóðsins verði á hverjum tíma að hámarki bundnar við 60% af eiginfé sjóðsins.
4. Kaup og sala hlutabréfa og þátttaka í stofnun fyrirtækja. Ætlast er til að heimild þessari sé beitt einvörðungu þegar umtalsverðir iðnaðarhagsmunir eru í veði, er samrýmast tilgangi sjóðsins og þátttaka hans getur haft veruleg áhrif til framfara.

5. **Viðbótarlán til fjárfestinga, þar sem lán almennra fjárfestingalánasjóða hrökkva ekki til og um er að ræða framkvæmdir sem geta haft umtalsverða þýðingu fyrir skipulagsbreytingar og þróun innan ákveðinna greina iðnaðar í heild. Heimilt er að veita slík viðbótarlán sem áhættulán, er verði afskrifuð eða víki fyrir öðrum fjárfestingalánunum, ef ekki verður árangur af framkvæmdinni. Nauðsynlegt er að stjórn sjóðsins móti fastar reglur um veitingu viðbótarlána.**

Um 7. gr.

Í þessari grein eru heimildir stjórnar til að ákveða skilyrði fyrir stuðningi og lánskjörum sjóðsins með sama hætti og var í fyrri lögum og heimild til að styðja við afmörkuð verkefni á vegum samtaka og stofnana iðnaðarins, sem samrýmast tilgangi sjóðsins. Heimild þessi er bundin við afmörkuð verkefni, en ekki má veita styrki til almenns reksturs stofnana eða samtaka.

Um 8. gr.

Hér er heimild veitt til töku lána í því skyni að auka útlánagetu sjóðsins. Heimild til að veita styrki er takmörkuð við 1/3 af árlegu ráðstöfunarfé að undanskildum lántökum. Eftirgjöf af lánunum takmarkar ekki styrkveitingar og framlög. Heimild til að veita ábyrgðir takmarkast við 60% af eiginfé sjóðsins á hverjum tíma.

Um 9. gr.

Hér er tekið fram að ríkissjóður skuli ábyrgjast allar skuldbindingar sjóðsins eins og verið hefur í raun. Iðnaðarráðherra heimilar lántökur.

Þá er kveðið á um opinbera skýrsluskyldu sjóðsins og endurskoðun ársreikninga af hálfu ríkisendurskoðunar.

Um 10. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 11. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Yfirlit um sjóði og stofnanir sem veita stuðning við markaðsstarfsemi og útflutning.

Þ = Þjónusta F = Fjárstuðningur

Stofnun	Upplýsinga- þjónusta	Tegund aðstoðar		Söluaðstoð — markaðskannanir
		Ráðgjöf	Þjálfun	
DANMÖRK				
Industriráðet	Þ	Þ		
Håndværksráðet	Þ	Þ		Þ
Projekt EU		F		F
Danmarks Erhvervsfond Uden- rigsministeriets Handelsafd.	Þ	Þ		Þ
Eksportkreditráðet	} Fjárstuðningur til útflutnings og útflutningsefl- andi aðgerða			
Dansk Eksportfinansieringsfond				
FINNLAND				
Utrikeshandelsförbundet	Þ	Þ		Þ
KERA		F		F
PKT-fonden		F		
Stiftelsen för exporthandels- utbildning			Þ	
Viexpo, Norrexpo	Þ	Þ		Þ
Handels- och industriministeriet	} Fjárstuðningur til útflutnings og útflutningsefl- andi aðgerða			
Finlands Bank				
Finlands Exportkredit				
Exportgarantianstalten				
ÍSLAND				
Útflutningsmiðstöð iðnaðarins	Þ	Þ		Þ
Iðnþróunarsjóður		F		
Iðnrekstrarsjóður		F		F
NOREGUR				
Norges Eksportråd	Þ	Þ		Þ
STI (IN-KO-kontoren)	Þ	Þ		Þ
Landscentralen		Þ		Þ
Norges Håndverkerforbund		Þ		
Fondet for markeds- og distribusjonsforskning				Þ F
Industriforbundet		Þ		
Omstillingsfondet	} Fjárstuðningur til útflutnings og útflutningsefl- andi aðgerða			
Garanti-Inst.f.Eksportkr.				
Handelsdepartementet				
SVÍÐJÓÐ				
Sveriges Exportråd	Þ	Þ		Þ
Utvecklingsfonderna	Þ	Þ	F	F
SIFU				
Expolaris (och motsv.)		Þ		Þ
Svensk Exportkredit	} Fjárstuðningur til útflutnings og útflutningsefl- andi aðgerða			
Exportkreditnämnden				
SIND:s branschstöd				

Úr skýrslu „Externa tjänster till de mindre och medelstora företagen“

NU A 1979:22 Bind 2

(Með leiðréttingum fyrir Ísland).

Yfirlit um stofnanir sem styðja eða veita stjórnunar- og rekstrarráðgjöf.

Þ = Þjónusta F = Fjárstuðningur

	Upplýsinga- þjónusta	Ráðgjöf	Fræðsla	Starf í fyrirtækjum
DANMÖRK				
TI	Þ	Þ	Þ	
JTI	Þ	Þ	Þ	
Projekt EU		Þ	Þ	
Danmarks Erhvervsfond „konsulentordningen“		F		
FINNLAND				
PKT-fonden		F		
KERA		F	F	
Handels- och industriministeriet — småindustribyrån			F	
— distriktsorganisationen	Þ	Þ	Þ	
Hantsverks- och småindustriens Utbildningsfond			Þ	
Näringsombudsmännen	Þ	Þ		
ÍSLAND				
Samtök iðnaðarins	Þ	Þ	Þ	Þ
Iðntæknistofnun Íslands	Þ	Þ	Þ	
NOREGUR				
STI	Þ	Þ	Þ	
Senior Service A/S		Þ		
DUF		Þ		
Statens arbeidstilsyn	Þ			
IN-KO-Kontoren		Þ	Þ	
SVÍÐJÓÐ				
Utveklingsfonderna			Þ	
SIFU	Þ	Þ	F	
SIND	} Skipuleggur og stjórnar stuðningsaðgerðum			
— branschstöd				F

Úr skýrslu „Externa tjänster till de mindre och medelstora företagen“
 NU A 1979:22 Bind 2
 (Með leiðréttingum fyrir Ísland).

Yfirlit um stofnanir sem veita aðstoð við vöruþróun.

Þ = Þjónusta


F = Fjárstuðningur

	Upplýsinga- þjónusta	Ráðgjöf	Fræðsla	Starf í fyrirtækjum
DANMÖRK				
TI	Þ	Þ	Þ	Þ
JTI	Þ	Þ	Þ	Þ
Teknologiska informations- centra	Þ	Þ		
De 25 mindre tekniska instituten	Þ			Þ
Projekt EU		F	F	
Testningslaboratorierna				Þ
Patentdirektoratet	Þ	Þ		
Teknologirådet „Lov om statstilskud til produkt- udvikling“				F
Udviklingsfondet				F
Teknologirådet				
Statens Tekniske Prøvenævn				
	} Stjórnar og fjármagnar stofnanir			
FINNLAND				
VTT	Þ			Þ
— marknadsförings- och produktutvecklingsenheter		Þ		
Handels- och industriministeriet — distriktsorganisationen	Þ	Þ	Þ	F
SITRA				F
Uppfinnarstiftelsen	Þ	Þ		
PKT-fonden				
KERA		F		
Patentstyrelsen	Þ	Þ		
Industrisekretärerna	Þ			
ÍSLAND				
Iðntæknistofnun Íslands	Þ	Þ	Þ	Þ
Iðnþróunarsjóður				F
Iðnrekstrarsjóður				F
NOREGUR				
STI	Þ	Þ	Þ	Þ
Statens veiledningskontor	Þ	Þ		F
NPI		Þ		F
IN-KO-kontoren	Þ	Þ		
Omstillingsfondet				F
Utviklingsfondet				F
Bransjeforskningsfondet				F
NTNF (SI, SINTEF)				F
Patentstyret	Þ	Þ		

	Upplýsinga- þjónusta	Ráðgjöf	Fræðsla	Starf í fyrirtækjum
SVÍÐJÓÐ				
STU	Þ	Þ		Þ
— kontaktsekreteriaten	Þ			Þ
SIND:s tekniska konsulter	Þ			
SIFU	Þ	Þ	Þ	
Utvecklingsfonderna	Þ	Þ	Þ	Þ
IUC				Þ
Patentverket	Þ	Þ		
Statens provningsanstalt				Þ
Statens anläggningsprovning				Þ
SINFODK	Þ			
Svenska Utvecklings AB				F
Norrlandsfonden				F

Úr skýrslu „Externa tjänster till de mindre och medelstora företagen“
 NU A 1979:22 Bind 2
 (Með leiðréttingum fyrir Ísland).

**Samanburður á fjármagni og mannafla til R & Þ hjá fyrirtækjum
 í iðnaði á Norðurlöndum.**



Sameining við aðra sjóði.

Í upphaflegu lögunum um Iðnrekstrarsjóð er það ákvæði til bráðabirgða að taka skuli löginn um sjóðinn og lög annarra sjóða iðnaðarins til endurskoðunar hið fyrsta með sameiningu þeirra fyrir augum. Um mál þetta var fjallað í nefnd sem

iðnaðarráðherra skipaði árið 1975 undir formennsku Þorvarðar Alfonssonar, aðstoðarmanns þáverandi iðnaðarráðherra. Komst nefndin að þeirri rökstuddu niðurstöðu, að sameining lánasjóða iðnaðarins væri ekki raunhæf, en í staðinn bæri að auka samstarf sjóðanna t. d. með sameiginlegri skrifstofuaðstöðu, svo sem bókhaldi, lögfræðiaðstöð, innheimtu, o. fl. Benti nefndin á samstarf við Iðnlánasjóð innan Iðnaðarbanka Íslands h.f. að þessu leyti. Almennt er þessi skoðun enn ríkjandi meðal aðila iðnaðarins varðandi hugsanlega sameiningu Iðnrekstrarsjóðs við aðra sjóði. Á hinn bóginn er fullur vilji fyrir samhæfingu og samstarfi sjóðanna, svo sem við á.

Um starf sjóðsins til þessa.

Iðnrekstrarsjóður, sem stofnaður var með lögum nr. 61 frá apríl 1973, hefur starfað frá haustinu 1973. Alls hefur hann fjallað um nálægt 400 umsóknir og hafa útborguð lán og styrkveitingar verið svo sem hér segir:

(í m.kr.)	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979
Lán	4.0	38.3	48.0	43.0	62.9	84.9	131.0
Styrkir	4.0	14.8	7.4	41.9	64.9	36.2	55.6
Alls	8.0	53.1	55.4	84.9	126.9	120.2	186.6

Árið 1978 voru umsóknir 48, en 69 árið 1979.

Málefni er varða erlenda markaðsöflun hafa haft algjöran forgang (73% af stuðningi sjóðsins 1979) og gildi umsókna fyrir aukinn iðnaðarútflytning að jafnaði látið vega þungt við ákvarðanir um stuðning. Takmörkuð fjárráð og raunar rýrnandi ráðstöfunarfé að raungildi hefur dregið úr mætti sjóðsins til að halda uppi kynningu á stuðningsmöguleikum sínum og aðstoða fyrirtæki við að móta stuðningshæf verkefni. Reynsla hliðstæðra sjóða erlendis er einmitt sú að slík aðstoð sé nauðsynleg.

Mótaðar hafa verið fastar reglur um stuðning við erlenda markaðsöflun, sem felst í því að greiddur er helmingur kostnaðar við þátttöku íslenskra útflutningsaðila í vörusýningum erlendis m. a. í þeim tilgangi að jafna aðstöðu íslenskra útflytjenda iðnaðarvöru við samkeppnisaðila í nágrannalöndunum. Þátttaka frá Íslandi í alþjóðlegum vörusýningum hefur stóraukist við tilkomu stuðnings frá sjóðnum. Þá er útgáfa sölu- og kynningarbæklinga styrkt og veitt lán til ýmissa almennra útflutningshvetjandi aðgerða.

Sjóðstjórn setti sér reglur um stuðning við vöruþróun árið 1977 og hefur veitt lán til allt að helmingis kostnaðar við vöruþróun eða undirbúningsvinnu sem vænst er að geti leitt til nýrrar og aukinnar framleiðslu með möguleika til útflutnings. Algengasti lánstími er 4—5 ár, og vextir hafa verið 18%.

Heimild er til að afskrifa lán til verkefna sem ekki leiða til árangurs, en ekki hefur komið til þess enn, enda verkefnið ekki verið ýkja áhættusöm til þessa. Þó hefur verið veittur frestur á endurgreiðslum.

Iðnrekstrarsjóður hefur aðsetur í húsnæði Iðnaðarbanka Íslands h.f., Lækjargötu 12, og veitir bankinn sjóðnum þjónustu við daglega afgreiðslu, frágang lánsskjala og innheimtur.

Breytingar á lögum.

Í meginatriðum eru þær tillögur sem hér eru gerðar um breytingar á lögum um Iðnrekstrarsjóð eftirfarandi:

1. Að fá sjóðnum viðtækara hlutverk í stuðningi við nýsköpun í iðnaði þannig að starf sjóðsins takmarkist ekki við útflutningsviðleitni svo sem núverandi lög gera ráð fyrir. Verði stefnt að sem líkustu fyrirkomulagi og gildir í starfi hliðstæðra sjóða í samkeppislöndunum.

2. Að breyta ákvæðum um verkefnaval, starfshætti og stjórnaraðild í samræmi við viðtækara hlutverk og aukin fjárráð, sem sjóðnum eru ætluð.
3. Að gera ákvæði um stuðningsform fyllri og skýrari en áður var. Þannig á að gera sjóðnum kleift að veita viðbótarlán og ábyrgðir gagnvart viðskiptabönkum og fjárfestingalánasjóðum.
4. Að tryggja sjóðnum tekjur sem ekki rýrni í verðbólgu, í samræmi við aukið hlutverk hans og stefnu um eflingu iðnaðar í landinu, og gera sjóðnum kleift að sinna hlutverki sínu með veitingu styrkja og áhættulána. Þetta er undirstöðuatriði ef sjóðurinn á að geta gegnt hlutverki sínu.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 26. apríl, 1980.

Minnisblað.

Til: Iðnaðarráðherra

Frá: Samstarfsnefnd um iðnþróun.

Málefni: Efling Iðnrekstrarsjóðs — útvíkkað hlutverk

Við störf Samstarfsnefndar um iðnþróun hefur komið æ betur í ljós þörfin fyrir verulega aukið fjármagn til að kosta nauðsynlegt umbóta- og nýsköpunarstarf í þágu iðnaðar í þeim tilgangi að auka framleiðslumagn og framleiðni íslensks iðnaðar og gera hann fyllilega samkeppnishæfan í alþjóðlegu umhverfi viðskipta og verkaskiptingar. Við athugun á fjármagni til rannsókna og þróunarstarfsemi hér á landi kemur í ljós, að Íslendingar verja hlutfallslega aðeins broti þess fjármagns (miðað við virðisaukningu í iðnaði), sem varið er til þessarar starfsemi í samkeppnislöndum okkar og raunar aðeins tíunda hluta (í hlutfalli af vinnsluvirði) af því sem varið er til hliðstæðra verkefna í sjávarútvegi og landbúnaði hérlendis. Samkeppnislönd okkar leggja nú áherslu á að auka opinberan stuðning við slíkt nýsköpunarstarf, en draga úr beinum rekstrarstuðningi eða niðurgreiðslum til iðnaðar, sem býr við aðlögunarvandamál. Hafa þau komið upp öflugum stofnunum og sjóðum, til að styðja við slíkt starf.

Það er skoðun Samstarfsnefndar um iðnþróun, að í þessu ljósi þurfi að auka stórlega fjármagn til að örva nýsköpun í íslenskum iðnaði. Telur nefndin að Iðnrekstrarsjóður eigi að gegna því hlutverki að beina fjármagni til vel skilgreindra og markvissra verkefna í þessu skyni. Þarf sjóðurinn að móta starfshætti og sérhæfa sig í vinnubrögðum sem nauðsynleg eru til að fjalla um slík verkefni með árangri.

Í eftirfarandi kemur fram álit Samstarfsnefndar um iðnþróun um hlutverk, starfshætti og verkefni sjóðsins.

Markmið.

Markmið sjóðsins skal vera að hafa veruleg áhrif til aukinnar framleiðni í starfandi iðnaði, að örva nýsköpun í átt til aukinnar og bættrar vöruframleiðslu og stuðla að bættri samkeppnishæfni íslensks iðnaðar á innlendum og erlendum markaði með sérstaka áherslu á aukinn útflutning iðnaðarvarnings að leiðarljósi.

Markmiði sjóðsins verði náð með eftirfarandi stuðningsaðgerðum:

- a) Styrkir og framlög. Fyrst og fremst verði slíkum aðgerðum beitt á sviði útflutnings- og markaðsstarfsemi, svo og til framleiðni- og hagræðingaraðgerða, sem miða að almennri eflingu iðnaðar. Stefna her að hliðstæðum reglum um meðferð styrkja og framlaga og tíðkast í samkeppnislöndunum.

- b) **Áhættulán**, sem aðallega verði notuð til stuðnings vöruþróunar, hönnunar og ýmissa nýsköpunarverkefna. Heimilt verði að hafa áhættulán afborganaless í ákveðinn tíma og jafnframt verði heimilað að afskrifa lánin, heppnist verkefnið ekki.
- c) **Ábyrgðir** gagnvart viðskiptabönkum og fjárfestingalánasjóðum.
- d) **Viðbótarlán** vegna fjárfestinga, sem jafnframt geta verið áhættulán.
- e) **Kaup og sala hlutabréfa** í starfandi fyrirtækjum og þátttaka í stofnun nýrra hlutafélaga.

Ljóst er, að nauðsynlegt er að breyta lögum sjóðsins til að hann geti sinnt þeim verkefnum, sem hér er fjallað um.

Starfshættir.

Samstarfsnefndin leggur til að með auknu ráðstöfunarfé taki Iðnrekstrarsjóður upp virkari starfshætti og leitist við með fjármagnsfyrirgreiðslum að hafa frumkvæði að öflugum og samvirku starfi að umbótum í iðnaði. Verði starfsgeta hans eflað í samræmi við það og jafnframt leitað náinnar samvinnu við aðra sjóði iðnaðarins, ekki síst um faglega undirbúningsvinnu og skrifstofuhald. Ekki telur nefndin rétt að Iðnrekstrarsjóður verði innlimaður í aðra sjóði iðnaðarins vegna nauðsynlegrar stöðu hans sem styrkja- og áhættulánasjóðs.

Nefndin leggur til, að fjármagn sjóðsins verði meðal annars notað til að tengja starf samtaka iðnaðarins og stofnana við aðgerðir í einstökum fyrirtækjum eða iðngreinum. Í þessu sambandi komi til greina fjárstuðningur við afmörkuð verkefni á vegum fyrirtækja, samtaka og stofnana.

Enda þótt eðlilegt sé að leggja mikla áherslu á þau verkefni og starfsform, sem ná til heilla greina iðnaðar og þar með fleiri fyrirtækja í einu, telur nefndin rétt að benda á nauðsyn þess að sjóðurinn sé tilbúinn að styðja öll þau fyrirtæki sem hafa góðar forsendur til vaxtar. Nauðsynlegt er að skýrar styrk- og lánareglur séu mótaðar á hverju því sviði fyrir sig, sem sjóðurinn vill styðja.

Sjóðurinn bindi fjármagnsfyrirgreiðslu sína skilyrðum um notkun fjár, skýrslu-skyldu og eftirliti til að tryggja að mat fái á árangur, svo notin verði í samræmi við forsendur styrk- eða lánveitingar. Mikilvægt er að efla ráðgjöf til fyrirtækja um nýsköpun og þróunarverkefni og í því sambandi þarf að kanna hugsanlegan þátt sjóðsins í samstarfi við samtök iðnaðarins og stofnanir.

Samstarfsnefndin telur ástæðu til að taka sérstaklega fram, að Iðnrekstrarsjóður á ekki að standa undir almennum rekstrarútgjöldum samtaka og stofnana iðnaðarins, Fjárhagslegur stuðningur sjóðsins við samtök og stofnanir getur aðeins orðið til afmarkaðra verkefna, sem unnin eru fyrir einstök fyrirtæki eða iðngreinar eða hafa sérstaka þýðingu fyrir almenna þróun iðnaðar og stjórn sjóðsins telur vera í samræmi við markmið hans.

Verkefni — Verkaskipting.

Í eftirfarandi er gerð grein fyrir helstu tegundum umbótastarfs sem nefndin telur að sjóðurinn ætti að styðja og jafnframt er gerð tilraun til að skýra æskilega verka-skiptingu milli hans og annarra aðila, sérstaklega Iðnþróunarsjóðs, sem stutt hefur sviðuð verkefni. Ennfremur er bent á tengslin við samtök og stofnanir iðnaðarins.

1. Markaðsaðlögun og útflutningsstarfsemi.

Stuðningur við markaðsstarfsemi er eitt mikilvægasta verkefni sjóðsins og útflutningsviðleitni og erlend markaðsöflun þarf að njóta forgangs. Eins og reglur liggja fyrir um nú þegar, þarf að koma til stuðningur við eftirfarandi aðgerðir.

- Þátttöku í vörusýningum, söluherferðir og vörukynningar erlendis.
- Prentun og dreifingu á kynningarbæklingum og gerð útstillingarefnis.
- Markaðskannanir.

Á þessu sviði njóta forgangs aðgerðir sem snerta heilar iðngreinar eða fyrirtækjahópa, og geta þær verið styrktar að fullu með framlögum úr sjóðnum, en að jafnaði greiðir þó sjóðurinn 50% kostnaðar á móti fyrirtækjum.

Starf sjóðsins á þessu sviði þarf að vera í náinni samvinnu við Útflutningsmiðstöð iðnaðarins og getur hún notið styrkja úr sjóðnum í tengslum við einstök verkefni í því sambandi. Vísar er til álitserðar Gunnars Rogstað til stjórnar Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins, um verkefnaval og starfshætti Útflutningsmiðstöðvarinnar í því sambandi.

2. Vöruþróun — aðferðaþróun.

Með vöruþróun — aðferðaþróun er hér almennt átt við starfsemi, sem miðar að þróun nýrra eða endurbættra efna, vörutegunda og framleiðsluáðferða er stuðla að framförum í framleiðslu og aukinni tæknipækkingu í iðnaði. Það svið sem stuðningur sjóðsins getur náð yfir er allt frá könnun nýrra hugmynda þar til eiginleg framleiðsla hefst, þ. e. tækni- og markaðsrannsóknir, hönnun, tilraunaframleiðsla og smíði prufueintaka og þróun framleiðsluáðferða þar sem það á við.

Iðnrekstrarsjóður og Iðnþróunarsjóður hafa sinnt vöruþróunarverkefnum með skilyrðisbundnum lánnum. Sjálfsagt virðist að svo verði áfram, en eðlilegt er að um nokkra verkaskiptingu verði að ræða. Hér er lagt til að Iðnþróunarsjóður takmarki stuðning sinn fyrst og fremst við vöruþróun tengda framleiðsluáformum í fyrirtækjum, sem fljótlega geta orðið að veruleika. Iðnrekstrarsjóður stvðji hins vegar áhættusamari nýsköpun og vöruþróun. Stuðningur Iðnrekstrarsjóðs getur verið í formi styrkja þegar ákveðnir framleiðslumöguleikar eru ekki taldir geta orðið fljótlega að veruleika.

Erfitt er að skilgreina ákveðna reglu um það, hvenær eðlilegt sé að veita styrk til vöruþróunar og hvenær lán. Sem almenn viðmiðun gæti verið, að styrkur væri veittur fyrst og fremst þegar um væri að ræða vöruþróun tengda nýsköpun á áður óþekktri framleiðsluvöru hérlendis eða vöru sem veruleg áhætta telst að hefja framleiðslu á. Lán væru afur á móti veitt þegar um væri að ræða þekkta framleiðsluvöru, er einvörðungu þyrfti að aðlaga íslenskum aðstæðum eða líkur eru tiltölulega góðar á árangri.

3. Iðnhönnun.

Til stuðnings bæði vöruþróun og markaðsstarfsemi er nauðsynlegt að efla iðnhönnun í landinu. Er þar átt við útlits- og notahönnun, þ. e. há móttun vörunnar sem t. d. hvað mest áhrif hefur á sölugildi margskonar nevtendavarnings. Þennan þátt þarf að stvðja bæði með heinni aðstoð og ráðgjöf við fyrirtæki, en einnig með almennum hvetiandi aðgerðum í formi sýninga og opinnar samkeppni um iðnhönnun með ýmsum hætti. Iðnrekstrarsjóður gæti stutt við slík verkefni með beinum framlögum, 50% af kostnaði við ráðgjöf í fyrirtækjum og herra hlutfalli, þegar um almennar aðgerðir er að ræða.

4. Rekstrarhagræðing — framleiðsluhagræðing

Á næstunni er nauðsyn miðg umfangsmikilla aðgerða til að auka framleiðni starfandi iðnfyrirtækja. Þær aðgerðir þarf að miða í hvriun við heilar iðngreinar eða hópa fyrirtækja, og þyrftu þær að ná til allra aðalbátta er hafa áhrif á framleiðni í fyrirtækjum, þ. e. stjórnunar (framkvæmdastjórnar og framleiðslustjórnunar), endurskipulagningar á framleiðslu, vöruþróunar og markaðsstarfsemi. Slík hagræðingarverkefni ættu að nióta beinna styrkja, allt að 50% kostnaðar. Við framkvæmd verkefnanna þyrfti að koma til frumkvæði og aðstoð samtaka og stofnana iðnaðarins. Stuðningur við hagræðingu í einstökum fyrirtækjum kemur einnig til greina, t. d. ef um eitt fyrirtæki er að ræða í grein, eða fá fyrirtæki gefa sig fram af heim sem boðið hefur verið, eða ef viðkomandi fyrirtæki gegnir mikilvægu hlutverki í iðnþróun og sýnir meiri áhuga en önnur.

5. Námskeiðahald — starfsþjálfun

Starfsþjálfun er einn dýrasti og mikilvægasti þáttur til að ná framleiðniaukningu í iðnfyrirtækjum. Hér er lagt til að sú stefna verði tekin upp, að starfsþjálfun í iðnfyrirtækjum verði greidd beint af ríkissjóði (í gegnum iðnaðarráðuneytið eða menntamálaráðuneytið) eins og önnur starfs- og eftirmenntun í landinu. Vegna örra breytingu á starfsliði í iðnfyrirtækjum er ekki eðlilegt að fyrirtæki beri þennan kostnað ein.

Rétt þykir að Iðnrekstrarsjóður geti styrkt stofnanir og samtök iðnaðarins til að undirbúa og halda einstök námskeið, en ekki verði um fjármögnun reglubundinna, endurtekinna námskeiða að ræða úr Iðnrekstrarsjóði.

6. Iðngreinaúttektir — fyrirtækjaúttektir

Hér er um að ræða úttektir á stöðu iðngreina, eða einstakra fyrirtækja þegar sérstaklega stendur á, með það fyrir augum að fá m. a. heildaryfirlit um fjárhagslega og tæknilega stöðu þeirra, framleiðslugetu, nýtingu framleiðsluþátta og horfur um afkomu og nauðsyn aðgerða til eflingar viðkomandi greinum með aðlögun að breyttum aðstæðum í huga. Hér koma bein framlög fyrst og fremst til greina, er geta numið 100% kostnaðar. Slíkar úttektir ættu jafnan að gerast í samvinnu við samtök iðnaðarins og/eða stofnanir hans.

7. Rannsóknir á nýiðnaðarmöguleikum

Við rannsóknir og kannanir á nýiðnaðarmöguleikum væri gagnlegt að koma á skipulegri málsmeðferð að því er fjármögnun, mat og ákvarðanatöku varðar. Ekki er fráleitt að skilgreina undirbúning nýiðnaðarkosta í þrem til fjórum þrepum, hlíðstætt og í undirbúningi virkjana:

1. Forathuganir — sem leiða til foráætlunar (prefeasibility study).
2. Frumhönnun — sem leiðir til frumáætlunar (feasibility study) og er undirstaða ákvörðunar um stofnun fyrirtækis.
3. Verkhönnun — sem leiðir til lokaáætlunar og endanlegrar ákvörðunar um framkvæmd og er gerð á ábyrgð þess sem ræðst í framkvæmd.
4. Gerð útboðsgagna — samningar um vélakaup og byggingar.

Í flestum stærri nýiðnaðarverkefnum er farið í gegnum slíka áfanga þótt ekki sé það ávallt skýrt afmarkað. Hér væri æskilegt að taka upp verkaskiptingu um fjármögnun.

Eðlilegast virðist að gera ráð fyrir að rannsókn- og þróunarstofnanir fjármagni eins stóran hluta forathugana á nýiðnaði og kostur er með framlagi skv. fjárlögum. Til viðbótar geta komið sérstakar fjárveitingar í gegnum iðnaðarráðuneytið, sérstaklega til stærri verkefna. Ef um er að ræða forathuganir, sem unnið er að vegna áhuga ákveðins starfandi fyrirtækis eða áhugahóps, gæti þó verið æskilegt að Iðnrekstrarsjóður veiti stuðning. Reyslan sýnir að verkefni geta verið lengi á forathugana-stigi og þarfnast margra endurskoðana.

Álitlegt er að Iðnrekstrarsjóður miði stuðning sinn fyrst og fremst við verkefni sem komin eru á frumhönnunarstig. Stuðningur Iðnrekstrarsjóðs gæti miðast við að skilað sé frumáætlun, sem sé hæf til ákvörðunar um stofnun fyrirtækis. Þá gætu Iðnþróunarsjóður eða aðrir tekið við og miðað stuðning sinn við að gerð sé lokaáætlun.

Æskilegt væri að áfangaskipting við nýiðnaðarathuganir yrði skipulögð með þeim hætti, að verkefni þyrftu að ganga í gegnum mat óháðra aðila á hverju þrepi og óraunhæf eða illa undirbúin verkefni yrðu þá gagnrýnd og lagfærð eða þeim hafnað.

8. Sjálfvirknivæðing

Á næstu árum má vænta vaxandi áhuga á sjálfvirknivæðingu í mörgum iðnaðarferlum með tilkomu örtölva og framförum á sviði stýrikerfa og hugbúnaðar. Hér gæti hentað að bjóða lán til að hanna og setja upp sjálfvirkni og stýrikerfi í einstökum verksmiðjum. Til álita kæmi einnig að veita styrk til viðfangsefna, sem heilar iðngreinar ættu að njóta góðs af. Æskilegt væri að Iðntæknistofnun geti veitt þjónustu og aðstoð á þessu sviði, e. t. v. með því að hafa frumkvæði um sjálfvirknivæðingu í einstökum iðngreinum.

9. Yfirfærsla á tækniþekkingu

Yfirfærsla á erlendri tækniþekkingu til landsins er mikilvægur þáttur í þróun íslensks iðnaðar. Fjárhagslegur stuðningur Iðnrekstrarsjóðs með styrkjum og/eða lánum getur verið æskilegur á þessu sviði eftir sömu almennu reglum og áður eru nefndar.

10. Kaup á framleiðsluleyfum

Þegar um er að ræða fjárfestingu í framleiðsluleyfum gæti lánafyrirgreiðsla af hálfu Iðnrekstrarsjóðs átt við.

11. Ábyrgðir

Þar sem hlutverk Iðnrekstrarsjóðs er að örva útflutning, nýsköpun og framleiðni og þar sem gert er ráð fyrir að hann taki á sig áhættu í starfsemi sinni, er eðlilegt að hann sinni einnig þörfum iðnfyrirtækja fyrir ábyrgðir. Í fyrsta lagi er hér um að ræða ábyrgðir til viðskiptabanka vegna lánsparfa, sem skapast vegna framleiðslu sérstakra útflutningspantana. Mörg fyrirtæki, sem eru að reyna að hasla sér völl í útflutningi, geta ekki sett veð, sem viðskiptabankar telja nauðsynleg fyrir lánum vegna framleiðslu á útflutningsvörum. Iðnrekstrarsjóður gæti hér hlaupið undir bagga. Í annan stað er algengt, að ný fyrirtæki eða fyrirtæki, sem eru að leggja út í hlutfallslega mikla endurnýjun og umsköpun á vélakosti og starfsaðstöðu, hafi ekki fasteignaveð, sem fjárfestingalánasjóðir telja nauðsynleg. Hér gæti Iðnrekstrarsjóður komið til skjalanna og gengið í ábyrgð fyrir fyrirtækin gagnvart fjárfestingalánasjóðum. Um væri að ræða áhættustarfsemi á vegum sjóðsins, en reynt væri að halda áhættu í lágmarki með því að fylgjast vel með viðkomandi fyrirtækjum.

FORGANGSRÖÐUN

Samstarfsnefnd um iðnþróun telur að á næstunni eigi að leggja megináherslu á eftirfarandi verkefnaflokka:

1. Markaðsstarfsemi, þ. e. útflutningsviðleitni og aðlögun íslensks iðnaðar að breytilegum samkeppnisskilyrðum innanlands og erlendis.
2. Vörubrúun og hönnun.
3. Framleiðslu- og rekstrarhagræðingu.
4. Fyrirtækja- og iðngreinaúttektir.
5. Rannsóknir á nýiðnaðarmöguleikum.

Verkefni, sem opna möguleika á útflutningi eða auka útflutning njóti forgangsáherslu.

Samstarfsnefnd um iðnþróun leggur tillögur þessar um meginlínur í málefnum Iðnrekstrarsjóðs fyrir yður til athugunar, og vonast til þess að þær verði hafðar til hliðsjónar við endurskoðun á lögum um sjóðinn og mótun reglna um starfsemi hans.